

# Farskóli FÍSOS 2022

---

SÖFN Á TÍMAMÓTUM



Haldinn á Hallormsstað 21.-23. september 2022

# 1. Undirbúningur

Farskóli FÍSOS er árleg fagraðstefna safnafólks á Íslandi. Ráðstefnan var fyrst haldin árið 1989 og hefur síðan þá farið fram á fjölmörgum stöðum hér á landi og erlendis. Að þessu sinni var komið að Austurlandi og myndaði safnafólk af svæðinu farskólastjórn ásamt starfsmanni FÍSOS.

## Farskólastjórn



Undirbúningur farskólans hófst í nóvember 2021 þegar farskólastjórn kom saman til fyrsta formlega fundar. Stjórnina skipuðu þau Elsa Guðný Björgvinsdóttir Minjasafni Austurlands, Elfa Hlín Sigrúnar-Pétursdóttir og Jónína Brynjólfssdóttir frá Tækniminjasafni Austurlands, Pétur Sörensson Safnastofnun Fjarðabyggðar og Dagrún Ósk Jónsdóttir, starfsmaður FÍSOS. Í mörg horn var að líta, ákveða þurfti staðsetningu og þema, skoða hvernig koma átti fólki á milli staða og skipuleggja dagskrá og afþreyingu svo fátt eitt sé nefnt.

## "Í Hallormsstaðaskógi er angan engri lík"



Ákveðið var að ráðstefnan færi að þessu sinni fram á Hótel Hallormsstað og að þar myndu ráðstefnugestir einnig gista. Hallormsstaður er um 37 km frá Egilsstöðum. Að hafa skólann svona langt frá þéttbýli hafði margvíslega kosti í för með sér en því fylgdu einnig áskoranir þegar kom að skipulagningu. Sem dæmi var ekki hægt að gera ráð fyrir því að hópurinn yrði á eigin vegum á miðvikudagskvöldinu eins og hefð hefur verið fyrir heldur urðu skipuleggjendur að sjá fyrir mat og afþreyingu það kvöld. Þá þurfti að tryggja að allir kæmst auðveldlega til og frá flugvelli og voru skipulagðar rútuferðir í tengslum við þau flug sem flestir ferðuðust með. Þeir sem ferðuðust með öðrum vélum fengu far með farskólastjórn eða öðrum á einkabílum.

## Skráning, ferðamáti og farskólagjöld

Í desember var sett í loftið sérstök forskráning sem var ekki bindandi en var hugsuð til að gefa farskólastjórn hugmynd um fjölda svo hægt væri að leita tilboða hjá hótélum og jafnframt að kanna hvort Ícelandair gæti gefið tilboð í flug. 112 manns skráðu sig í forskráningunni. Í kjölfarið var ákveðið að leita eftir samstarfi við 701 Hotels um að hýsa farskólann á Hótel Hallormsstað.

Leitað var eftir samstarfi við Ícelandair um að gefa afslátt af flugmiðum í tengslum við farskólann en þær umleitanir báru ekki árangur. Þess í stað var fólk hvatt til að bóka flug snemma og ná þannig ódýrum sætum.

Opnað var fyrir bindandi skráningu í byrjun júlí. Sett voru þau skilyrði að ef þátttakandi hætti við eftir 31. ágúst þyrfti viðkomandi að greiða fullt skráningargjald. Var það gert vegna þess að árin á undan hafði borið á því að fólk hefði skráð sig til þátttöku en síðan ekki mætt og ekki látið vita um forföll með tilheyrandi vandamálum í tengslum við skipulagningu. Ekki bar á slíku í ár og 120 manns skráðu sig til leiks. Þrátt fyrir að það væru töluvert fleiri en skráðu sig í forskráningunni hafði það ekki teljandi áhrif á framkvæmdina fyrir utan að ekki voru nægilega mörg laus herbergi á Hótel Hallormsstað fyrri nóttina fyrir allan hópinn. Því urðu um 10 manns að gista þá nótt á Egilsstöðum en þau gátu svo fært sig yfir á Hótel Hallormsstað.

Farskólagjöld voru 25.000 kr. fyrir félagsmenn í FÍSOS en 35.000 kr. fyrir aðra. Inni í því voru ferðir til og frá flugvelli, hádegis- og kvöldmatur á miðvikudegi, hádegis- og hátiðarkvöldverður á fimmtudegi og hádegisverður á föstudegi auk morgun- og síðdegishressinga á meðan ráðstefnu stóð. Ráðstefnugestir greiddu sjálfir fyrir gistingu og var verð á nótt fyrir tveggja manna herbergi 18.900 kr. en 14.900 kr. fyrir eins manns herbergi. Nánari upplýsingar um fjármál og uppgjör eru í viðauka 2.

## Farskólabingó



Þegar gestir skráðu sig inn á ráðstefnuna fengu þeir í hendur sérstakt farskólabingó. Á spjaldinu voru níu staðhæfingar og áttu þátttakendur að finna ráðstefnugesti sem staðhæfingarnar áttu við og láta þá kvitta á spjaldið. Tilgangurinn var annars vegar að stytta gestum stundir þangað til dagskráin hófst og hins vegar að hrista hópinn saman með því að fá fólk til að spjalla. Í ráðstefnulok var dregið úr löglega útfylltum bingóspjöldum og hlaut vinningshafinn bragðgóðan vinning frá Fljótsdalshéraði.

## 2. Dagskráin

Dagskrá farskólans var fjölbreytt að venju. Boðið var upp á sex fyrirlestra og hægt var að velja úr 12 mismunandi málstofum. Þá var boðið upp á skoðunarferðir alla þrjá dagana, örkyrningar og svokallaðar kaffispjallskyrningar. Á miðvikudagskvöldinu var boðið í söngpartý og árshátíðin var á sínum stað á fimmtudagskvöldinu auk þess sem aðalfundur FÍSOS og úthlutunarathöfn safnasjóðs voru haldin í tengslum við ráðstefnuna.

Pema og yfirskrift farskólans að þessu sinni var *Söfn á tímamótum* og við mótun dagskrárinnar var horft til þess. Til að þrengja viðfangsefnið var þemað þrengt niður fjögur undir þemu og leitast við að tengja viðfangsefnið við þau. Þessi undir þemu voru: *tímamót í varðveislu, tímamót í miðlun, tímamót í hugsun og tímamótaverkefni*.

Auglýst eftir tillögum að umfjöllunarefnum í tengslum við forskráninguna sem send var út í desember 2021. Nokkur fjöldi tillagna barst og voru þær farskólastjórn gott leiðarljós þegar kom að því að móta dagskrána þó ekki hafi verið hægt að koma inn á öll umfjöllunarefni. Nokkrir einstaklingar settu sig í samband við farskólastjórn að fyrra bragði og lýstu áhuga á að stjórna málstofu eða halda erind um ákveðin efni en aðra hafði farskólastjórn samband við. Þá var ákveðið að kynna þau verkefni sem tilnefnd voru til íslensku safnaverðlaunanna með örfyrirlestrum. Allstaðar mætti farskólastjórn velvilja og eru öllum málstofustjórum og fyrirlesurum færðar bestu þakkir.

Útgefna dagskrá farskólans má sá í viðauka 1 og fundargerð aðalfundar FÍSOS og ársskýrslu má finna á [vef félagsins](#).



## 2.1 Fyrirlestrar

Sex fyrirlestrar voru fluttir á ráðstefnunni þar sem fræðafólk og reynsluboltar hér á landi og erlendis miðluðu af reynslu sinni og þekkingu á fjölbreyttum viðfangsefnum sem tengjast safnastarfi.

### Dr. Árelía Eydís Guðmundsdóttir: Starfsumhverfi framtíðarinnar - tækifæri safna



Mynd: Árelía Eydís: areliaeydis.is

Dr. Árelía Eydís Guðmundsdóttir vinnumarkaðs-sérfræðingur, ávarpaði samkomuna í gegnum fjarfundabúnað. Í erindi sínu fjallaði hún um þær miklu tæknilegu umbreytingar sem nú þegar eru farnar að hafa áhrif á daglegt líf okkar og munu veita fólki á vinnumarkaði sem og atvinnurekendum ný og spennandi tækifæri líkt og fjallað er um í bók hennar og Herdísar Pálu Pálsdóttur, Völundarhús tækifæranna.

### Skúli Björn Gunnarsson: Menningarmiðlun á nýjum tímum



Mynd: Skúli Björn Gunnarsson: LinkedIn.com

Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri í Fljótsdal, fjallaði um menningarmiðlun á nýjum tímum en Gunnarsstofnun hefur á undanförunum árum tekið þátt í margvíslegum verkefnum þar sem tækni og margmiðlun er nýtt til að miðla menningararfinum. Í erindi sínu velti Skúli því upp hvort tími stóru fastasýninganna væri liðinn og menningararfurinn fluttur í sýndarheima. Hann fjallaði jafnframt um hvernig söfn, ekki síst smærri söfn og setur, geta nýtt sér stafrænar lausnir til að skrásetja og miðla í takt við tækniþróun og væntingar nýrra kynslóða.

## Ellie Bruggeman, Museumregister Nederland: Deaccessioning in the Netherlands



Hollendingar standa framarlega þegar kemur að mótum verklagsreglna um grisjun safnkosts. Í erindi sínu fjallaði Ellie Bruggemann hjá Museumregister Nederland um hvernig þessum málum er háttað í Hollandi, fór yfir sögu og tilurð hollensku verklagsreglnanna og hvernig þær hafa reynst. Glærur frá fyrirlestri hennar má finna í viðauka 4.

Mynd: Museumregister Nederland:  
[museumregisternederland.nl](http://museumregisternederland.nl)

## Vala Gunnarsdóttir: Arftaki Sarps 3 - Staðan á verkefninu



Undanfarin misseri hefur vinna við þróun arftaka Sarps 3 staðið yfir. Í erindi sínu fór Vala Garðarsdóttir, fagstjóri Sarps, yfir stöðunni á því verkefni og svaraði spurningum gesta um þetta mikilvæga vinnutæki safnafólks á Íslandi

Mynd: Rekstrarfélag Sarps: [landskerfi.is](http://landskerfi.is)

## Dr. Ólöf Gerður Sigfúsdóttir: Rannsóknastarf safna - áskoranir og tækifæri



Ólöf Gerður Sigfúsdóttir fjallaði í fyrirlestri sínum um rannsóknahlutverk safna út frá niðurstöðum doktorsverkefnis síns sem hún varði þremur vikum eftir farskólann. Ólöf sagði meðal annars frá niðurstöðum könnunar sem hún gerði meðal viðurkenndra safna á Íslandi um rannsóknarvirkni, skipulag rannsókna og viðhorf til rannsóknastarfs á söfnum.

Mynd: Háskóli Íslands:  
[https://www.hi.is/vidburdir/doktorsvorn\\_i\\_safnafraedi\\_olof\\_gerdur\\_sigfusdottir](https://www.hi.is/vidburdir/doktorsvorn_i_safnafraedi_olof_gerdur_sigfusdottir)

## Sigríður Dögg Guðmundsdóttir: Mikilvægi kynningarstarfs í menningartengdri ferðaþjónustu



Sigríður Dögg Guðmundsdóttir, fagstjóri ferðaþjónustu hjá Íslandsstofu, ætlaði að mæta á staðinn og fjalla um kynningarstarf í menningartengdri ferðaþjónustu en hún varð veðurteppt á Grænlandi. Í stað þess að fella erindið niður tók Sigríður það upp og sendi skipuleggjendum sem svo spiluðu það fyrir ráðstefnugesti. Í erindinu fjallaði Sigríður Dögg um eðli kynningarstarfs, gildi þess og mikilvægi fyrir menningartengda ferðaþjónustu. Erindið var góður upptaktur að pallborðsumræðunum fóru fram síðar um daginn.

Mynd: Íslandsstofa: [islandsstofa.is](https://islandsstofa.is)

## 2.2 Málstofur

Málstofur voru þrisvar á dagskrá og hægt var að velja um fjórar í hvert sinn. Þátttakendur voru beðnir um að velja alltaf eina og aðra til vara. Hægt var að koma til móts við fyrsta val allra þáttakenda.

Málstofustjórar fengu nokkuð frjálsar hendur þegar kom að skipulagningu og fyrirkomulagi en þó voru þeir beðnir um að hvetja til umræðna og þátttöku eins og kostur væri.

Nokkurs misskilnings gætti um lengd málstofanna. Málstofustjórar fengu upplýsingar um það í tölvupósti að málstofurnar ættu að vera 45 mínútur en í útgefinni dagskrá var gert ráð fyrir klukkutíma fyrir hverja málstofu. Var það með ráðum gert til að tryggja að fólk hefði rúman tíma á milli málstofa og til að koma til móts við mögulega seinkun á dagskrá. Hins vegar töldu margir málstofustjórar að þeir hefðu klukkutíma til umræða sem gerði það að verkum að nokkrir lentu í tímaþröng.

Eftir farskólann var kallað eftir upplýsingum frá málstofustjórum um hvernig þeim þótti takast til og hvor einhverjar niðurstöður hefði fengist sem þeir vildu koma á framfæri. Hér á eftir fara stuttar lýsingar á málstofunum og upplýsingar frá málstofustjórum ef þær bárust.





## Málstofur 1, á dagskrá á fimmtudegi 10:00-11:00

### Grisjunaráætlun og hvað svo?

Umsjón: Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir og Jónína Brynjólfsdóttir, Tækniminjasafni Austurlands.

Fjöldi skráðra þátttakenda: 25



Í kjölfarið á aurskriðunum á Seyðisfirði í desember 2020 þurfti Tækniminjasafn Austurlands að endurskoða söfnunarstefnu sína, gera grisjunaráætlun og vinna með endur- og uppvinnslu grisjaðra muna. Í málstofunni var farið yfir það ferli sem fór í gang eftir aurskriðurnar, þær ákvarðanir sem teknar voru í upphafi, gerð og uppfærslu grisjunarstefnu og samstarfsverkefni safnsins við Þjóðminjasafn Íslands og námsbraut í safnafræði um gerð grisjunarhandbókar fyrir söfn.

Ljóst var á umræðunum sem sköpuðust á málstofunni að áhugi safnafólk er mikill á þessu málefni. Umræður spunnust um nauðsyn þess að samræma að einhverju leyti aðgerðir til grisjunar á landsvísi, sérstaklega á menningarminjasöfnum. Málstofan leiddi í ljós þörf á frekari umræðu um málefni tengd grisjun og endurskoðun á söfnunarstefnum.

### Stafræn miðlun og varðveisla menningararfs

Umsjón: Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri  
Fjöldi skráðra þátttakenda: 42




Stafrænar lausnir til miðlunar, skráningar og varðveislu menningararfs hafa vaxið og þróast ört undanfarin áratug. Í málstofunni var rætt um sýndarveruleika (VR), viðaukinn veruleika (AR), þrívíddarskönnun, myndmælingu, leikjavæðingu, lýðvirkjun og margt fleira sem nýst getur safnafólki til að sinna sínu hlutverki á nýjum tímum. Skúli Björn miðlaði af reynslu sinni frá Skriðuklaustri en stofnunin hefur á undanförunum árum verið leiðandi í þróun og nýtingu stafrænna lausna í miðlun sinni.

## Ný safnaskilgreining ICOM

**Umsjón: Ólöf Gerður Sigfúsdóttir formaður Íslandsdeildar ICOM og Hólmar Hólmaritari Íslandsdeildar ICOM**

**Fjöldi skráðra þátttakenda: 24**



Í málstofunni var rætt um niðurstöður kosninga um nýja safnaskilgreiningu sem fram fór á Allsherjarþingi ICOM í Prag í ágúst 2022. Velt var upp spurningum um hvaða þýðingu ný safnaskilgreining mun hafa á safnasviðið á Íslandi. Áhersla var lögð á umræður og hvernig starfsfólk safna upplifir það sem koma skal.

## Skráning ljósmynda: Frá móttöku til frágangs

**Umsjón: Þorvaldur Böðvarsson skráningarstjóri hjá Þjóðminjasafni Íslands og Kristín Halla Baldvinsdóttir sérfræðingur í ljósmyndasafni Þjóðminjasafns Íslands.**

**Fjöldi skráðra þátttakenda: 18**



Skráning safngripa er einn mikilvægasti hlekkurinn í varðveislufurli safnkosts. Undirbúningur safnkosts fyrir skráningu er frekar svipaður þótt mismunandi aðfangategundir eigi í hlut. Í þessari málstofu var horft til skráningar ljósmynda. Tekið var fyrir afmarkað ljósmyndasafn og ferillinn frá móttöku safnaukans til frágangs eftir skráningu kynntur.

## Málstofur 2, á dagskrá á fimmtudegi 11:00-12:00

### Persónuvernd og ljósmyndir

Umsjón: Hörður Geirsson, Minjasafninu á Akureyri

Fjöldi skráðra þátttakenda: 25



Í málstofunni var fjallað um höfundarétt og persónuvernd í tengslum við notkun safna og sýninga á ljósmyndum sem eru hluti af safnkosti. Einnig var fjallað um notkun slíkra mynda í miðlun á vefsíðum og samfélagsmiðlum. Farið var í hvað þarf að hafa í huga við val á myndum, hvernig skuli bregðast við ef upp koma vandamál og hvernig söfn geta sett sér vinnureglur um málaflokkinn.

### Óápreifanlegur menningararfur: Hvað kemur hann söfnum við?

Umsjón: Vilhelmína Jónsdóttir, Þjóðfræðingur

Fjöldi skráðra þátttakenda: 34



Hvað eiga kínverskt skuggabrúðuleikhús, belgísk bjórmening og súðbyrtir bátar sameiginlegt? Allt eru þetta fyrirbæri á skrá UNESCO um óápreifanlegan menningararf mannkyns sem talið er nauðsynlegt að varðveita. Í málstofunni veltu þátttakendur fyrir sér ýmsum hliðum óápreifanlegs menningararfs, einkennum hans og varðveislu sem og skrifum fræðimanna. Fjallað var um samning UNESCO frá árinu 2003 um varðveislu óápreifanlegs menningararfs og tilurð hans, farið yfir skuldbindingar íslenska ríkisins

skv. samningum og þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar til innleiðingar á honum. Á lokum voru umræður um hlutverk safna og tækifæri til þátttöku á þessu ört vaxandi sviði menningararfsvörslu. Ljóst var í málstofunni að þetta er málaflokkur sem safnafólk hefur mikinn áhuga á og líflegar umræður spunnust um efnið.

## Tökum höndum saman: Söfn og jaðarhópar

Umsjón: Hlín Gyldadóttir, verkefnisstjóri samfélagsverkefna og safnfræðslu hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur og Ingibjörg Hannesdóttir, verkefnastjóri fræðslu og miðlunar hjá Listasafni Reykjavíkur.

Fjöldi skráðra þátttakenda: 35



Borgarsögusafn Reykjavíkur og Listasafn Reykjavíkur hafa staðið saman að verkefni sem kallast Tökum höndum saman og snýst um aðgengismál í sem víðustum skilningi. Verkefnið felst í að finna skapandi leiðir til að vinna með ólíkum hópum á þeirra forsendum á fjölbreyttum sýningarstöðum safnanna. Dæmi um það sem hefur verið gert undir hatti verkefnisins eru séropnanir fyrir fólk á einhverfurófi, leiðsagnir á ólíkum tungumálum, sjónlýsingar fyrir blinda og sjónskerta og auknar upplýsingar um aðgengi á vefjum safnanna. Í málstofunni miðluðu fulltrúar úr verkefnateyminu af reynslunni sem verkefnið hefur leitt af sér og skoðað var hvað önnur söfn geta lært af því.

## Að dansa nær grænu skrefunum: Umhverfismál og safnastarf

Umsjón: Alma Sigrún Sigurgeirsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála og safnfræðslu hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur

Fjöldi skráðra þátttakenda: 17



Borgarsögusafn Reykjavíkur hefur unnið að því að innleiða grænu skrefin í starfsemi sinni. Í málstofunni var fjallað um ferlið sem safnið hefur gengið í gegnum og reynsluna af því. Jafnframt var rætt hvað önnur söfn geta gert til að verða umhverfisvænni stofnanir og einingar innan samfélagsins og þátttakendum gafst kostur á að deila reynslu sinni og vangaveltum.

## Málstofur 3, á dagskrá á fimmtudegi 14:00-15:00

### Hönnunarhugsun í safnastarfi

Umsjón: Sigríður Sigurjónsdóttir, safnstjóri Hönnunarsafns Íslands

Fjöldi skráðra þátttakenda: 28



Í málstofunni var farið yfir hvernig nýta má hönnunarhugsun í safnastarfi en þar er um að ræða aðferðarfræði sem allir geta nýtt sér. Farið var yfir dæmi, helstu tæki og tól kynnt og í lokin var boðið upp á örsmiðju þar sem aðferðarfræðinni var beitt.

### Varðveisla báta á Íslandi: Breyttar aðferðir

Umsjón: Ágúst Österby, húsasmíðameistari og byggingafræðingur

Fjöldi skráðra þátttakenda: 18



Í málstofunni miðlaði Ágúst Österby af reynslu sinni af viðhaldi trébáta en hann hefur búið og starfað í Skandinavíu frá árinu 1997 og gert upp fjölda trébáta. Fjallað var um reynslu norðurlandapjóðanna af varðveislu gamla báta og hvaða lærdóm Íslendingar geta dregið af þeim en með réttum aðferðum er hægt að lækka kostnað og auka líftíma trébáta svo um munar. Einnig var fjallað um notkunarmöguleika safnabáta.

## Námskrármíðuð safnfræðsla

Umsjón: Helga Einarsdóttir

Fjöldi skráðra þátttakenda: 30



Málstofunni var skipt í tvo hluta. Í fyrri hluta málstofunnar var rætt um hagnýta samþættingu fræðslu og námskrár á söfnum. Farið var yfir praktiskar leiðir til þess að tengja fræðslu við aðalnámskrá og námsefni hverju sinni og koma þannig til móts við þarfir skólanna. Þá var rætt um hvernig hægt er að stuðla að jafnt fróðlegri og námskrármíðaðri fræðslu sem og skemmtilegri upplifun fyrir nemendur. Í seinni hluta málstofunnar var þátttakendum skipt í vinnuhópa þar sem tekin voru fyrir tilbúin en raunsæ dæmi um söfn og sýningar þar sem setja þurfti upp hagnýtt fræðsluefni með tilliti til aðalnámskrár. Flestir sem starfa við fræðslu á söfnum, setrum og öðrum menningarstofnunum kannast eflaust við mjög þröngan tímaramma sem þarf að vinna eftir við gerð fræðslu, t.d. í tengslum við nýjar sýningar, og var sérstaklega tekið mið af því í vinnuhópunum.

## Safnafræði og fagefning safna: Staða og tækifæri til frekari vaxtar með söfnum landsins.

Umsjón: Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor við Háskóla Íslands

Fjöldi skráðra þátttakenda: 35



Safnafræði hefur verið kennd við Háskóla Íslands um árabil en árið 2009 var stofnuð sérstök námsbraut við Háskóla Íslands í greininni. Markmiðið var að efla faglega umræðu og styrkja faglegt starf innan safna hér á landi. Hátt í 60 manns hafa lokið MA námi í safnafræði á tímabilinu og tveir nemendur lokið doktorsprófi. Margir af þessum nemendum hafa skilað sér til starfa innan safnageirans og styrkt þar með faglegt starf hans. Samstarf námsbrautarinnar í safnafræði og safna í landinu hefur verið til fyrirmyndar, en söfnin hafa stutt

við námið með ýmsum hætti og í raun gert það mögulegt eins og að var stefnt. Í þessari málstofu var horft fram á veginn og spurt hvernig styrkja megi enn frekar tengsl safnafræðinámsins við störf safna. Hvaða tækifæri blasa við og hvernig má efla faglegt safnastarf í landinu í nánustu framtíð.

Í umræðum eftir hópastarfið kom mjög margt gagnlegt fram sem getur nýst frekari samvinnu náms í safnafræði við Háskóla Íslands og vonandi söfnum um allt land. Meðal þess sem kom fram var að safnafræðin ætti að huga frekar að eldra fólki sem unnið hefur á söfnum um langan eða stuttan tíma. Spurt var hvort sinna mætti þeim hópi safnmanna betur. Starfsnám bar einnig á góma og vildu fulltrúar safna í hópunum meiri samvinnu um uppbyggingu þess. Óskað var eftir því að fjarfundabúnaður væri meira notað en hingað til til að efla tengsl safnafræði við söfn í landinu. Rannsóknarsetur í safnafræðum við Háskóla Íslands fannst þátttakendum að mætti virkja betur til handa safnastarfi almennt og söfnum út um allt land sérstaklega. Það tengist því að fólki fannst að stunda þurfi meiri rannsóknir og að þar gætu safnafræði við HÍ og söfnin tekið betur höndum saman. Rætt var um hver aðkoma nemenda í safnafræði væri að skipulagi og framkvæmd farskóla og var lagt til að þeim nemendum mætti bjóða að starfa með farskólastjórn að gerð og framkvæmd skólans, sem og að vera með kynningar á farskóla. Að lokum var lagt til að nemendur í safnafræði sem lokið hafa MA prófi ættu að fá tækifæri á farskóla til að kynna lokaverkefni sín, á sérstakri málstofu eða með öðrum hætti.

## 2.3 Skoðunarferðir og önnur afþreying

Skoðunarferðir hafa í gegnum tíðina verið stór hluti af dagskrá farskólans og svo var einnig í ár. Farið var vítt og breytt um svæðið, bæði í lengri rútuferðir og styttri gönguferðir. Þá var ýmislegt fleira gert til skemmtunar.

### Miðvikudagur: Seyðisfjörður og Egilsstaðir



Á miðvikudeginum lá leiðin til Seyðisfjarðar þar sem Tækniminjasafn Austurlands var heimsótt og rætt um þær áskoranir og verkefni sem starfsfólk þess hefur staðið frammi fyrir frá því að aurskriða féll á safnið árið 2020. Vjelsmiðja Jóhanns Hanssonar var heimsótt svo og aðstaðan þar sem safnkosturinn sem bjargaðist úr skriðunni var hýstur. Þá var einnig litið við í Skaftfelli auk þess sem hópurinn fékk fræðslu um fornleifa-uppgróftinn sem staðið hefur yfir í Firði í Seyðisfirði. Að þessu loknu var keyrt aftur yfir Fjarðarheiði og komið við í Safnahúsinu á Egilsstöðum þar sem safnaráð bauð upp á veitingar og fólk gat heimsótt söfnin í húsinu. Að því loknu lá leiðin í Valaskjálfi þar sem boðið var upp á kvöldmat og bjórkynningu frá Aski brugghúsi. Að því loknu steig Gréta Sigurjónsdóttir (Gréta í Dúkkulísunum) á svið með „sing-a-long“ þar sem farskólagestir tóku vel undir.





## Fimmtudagur: Hallormsstaður

Að lokinni ráðstefnudagskrá á fimmtudeginum var farið í gönguferð um nágrennið á Hallormsstað. Komið var við hjá Skógræktinni þar sem Bergrún Arna Þorsteinsdóttir, aðstoðarskógarvörður leiddi þátttakendur um trjásafnið og sagði frá starfsemi Skógræktarinnar. Þá var einnig stoppað í Hallormsstaðaskóla þar sem Bryndís Fiona Ford skólameistari og Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir fagstjóri leiddu gesti um skólann og sögðu frá starfsemi hans.



## Föstudagur: Fljótsdalur



Á föstudegi lá leiðin inn í Fljótsdal. Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri var sótt heim en þar tók Skotta Valgarðsdóttir á móti hópnum og kynnti starfsemi og miðlun sem þar fer fram. Þá var einnig komið við á Óbyggðasetrinu þar sem fólki gafst kostur á að skoða sýningar. Þegar hópurinn kom í Egilsstaði gafst þeim jafnframt kostur á að líta við í menningarmiðstöðinni Sláturhúsinu sem var formlega opnað eftir miklar endurbætur daginn áður.

## 2.4 Örkyningar og kaffispjallskynningar

Við undirbúning farskólans kom snemma fram vilji til að skapa þar vettvang fyrir safnafólk til að kynna vel heppnuð verkefni og læra þannig hvert af öðru. Í tengslum við það kom upp sú hugmynd að kynna sérstaklega þau verkefni sem voru tilnefnd til íslensku safnaverðlaunanna. Þá kynntu nokkrir aðilar sig og sín verkefni utan dagskrár í svokölluðum kaffispjallskynningum.

Forsvarsfólki þeirra verkefna sem tilnefnd voru til íslensku safnaverðlaunanna 2022 var boðið að halda örkyningu á sínum verkefnum. Var það hugsað sem vettvangur fyrir þátttakendur til að læra af kollegum sínum og kynnast betur því fyrirmyndarstarfi sem fram fer á söfnum landsins. Hvert safn fékk 10 mínútur til umráða og var misjafn hvernig þau nýttu þær, eitt safn sýndi myndband en önnur komu upp og kynntu verkefnin. Söfnin sem hlutu tilnefningu og kynntu verkefni sín voru: Byggðasafnið í Görðum fyrir nýja grunnsýningu, Gerðarsafn fyrir nýjar áherslur í miðlun, Hönnunarsafn Íslands fyrir árangur í stafrænni miðlun, Síldarminjasafn Íslands fyrir framúrskarandi fræðsluverkefni og síðast en ekki síst Minjasafnið á Akureyri sem hlaut íslensku safnaverðlaunin fyrir að vera safn í tengslum við samfélagið.

Þrír aðilar kynntu verkefni sín og voru til viðtals utan dagskrár. Það voru fulltrúar Náttúruminjasafn Íslands sem settu upp fræðsluefni sitt og voru til viðtals um það við áhugasama; Jóhanna Bergmann, safnkennari við Þjóðminjasafn Íslands sem leyfði nýrri handbók sinni um safnfræðslu, Hugmyndahatturinn, að liggja frammi og safnaráð sem var til viðtals í kaffihléi á fimmtudegi. Ekki var auglýst sérstaklega eftir kynningunum heldur höfðu viðkomandi aðilar frumkvæði að þeim sjálfir. Sjá mætti fyrir sér að meira væri gert af slíku, þ.e. að láta gögn, veggspjöld og efni liggja frammi fyrir fólk að skoða og spjalla um.



## 2.5 Úthlutunarathöfn safnasjóðs

Einn af lokaviðburðum farskólans var úthlutunarathöfn safnasjóðs þar sem þau söfn sem hlotið höfðu styrki úr aðalúthlutun safnasjóði árið 2022 fengu þá formlega afhenta.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, afhenti viðurkenningar til styrkþega. Bæði voru afhentir styrkir til eins árs og öndvegisstyrkir til þriggja ára. Úthlutunin var hátíðleg og bar fjölbreyttu safnastarfi á landinu gott vitni. Nánari upplýsingar um úthlutunina má finna á [vef safnaráðs](#).



## 2.6 Pallborðsumræður

“Eru söfn ferðapjónusta?” var yfirskrift pallborðsumræðna sem efnt var til í lok farskólans.

Þátttakendur í pallborðinu voru: Lilja Dögg Alfreðsdóttir, ráðherra menningarmála; Aníta Elefsen, formaður FÍSOS og safnstjóri Síldarminjasafnsins á Siglufirði; Jónína Brynjólfsdóttir, forseti bæjarstjórnar Múlaþings og annar safnstjóra Tækniminjasafns Austurland og Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri hjá Austurbrú. Pallborðinu stjórnaði Líneik Anna Sævarsdóttir, þingmaður. Þátttakendur héldu stuttar framsögur þar sem þær fjölluðu um þeirra sýn á þessi mál og á eftir gafst þátttakendum kostur á að koma með innlegg og fyrirspurnir.



## 2.7 Árshátíð FÍSOS

Venju samkvæmt var árshátíð FÍSOS haldinn á fimmtudagskvöldinu. Þar komu ráðstefnugestir saman í sínu finasta þussi og fögnuðu því góða starfi sem fram fer á söfnum landsins.

Árshátíðin fór fram á Hótel Hallormsstað, á sama stað og önnur dagskrá ráðstefnunnar. Þegar kom að því að ráða skemmtikrafta varð niðurstaðan sú að leita til umboðsskrifstofunnar Kraðak og í gegnum hana voru þau Margrét Erla Maack, Ragnheiður Másól og Lalli töframaður ráðin til að sjá um veislustjórn, skemmtiatriði og skífuþeytingar að borðhaldi loknum.

Rétt áður en borðhald átti að hefjast fór rafmagnið af Hallormsstað og nágrenni. Borðhaldi seinkaði því nokkuð en gestir söfnuðust saman á bar hótelsins þar sem gleðin hófst við kertaljós. Skömmu síðar komst rafmagnið aftur á og hægt var að hefja formlega dagskrá.



### 3. Lærdómur

Að farskóla loknum var send út könnun til farskólagesta þar sem þeir voru beðnir um að koma á framfæri skoðunum sínum varðandi framkvæmd ráðstefnunnar (sjá viðauka 3). Svörun var lítil en þar komu þó fram góðar ábendingar. Einnig átti farskólastjórn góð samtöl við farskólagesti á ráðstefnunni sjálfri þar sem fólk kom skoðunum sínum á framfæri. Þá rak farskólastjórn sig sjálf á ýmislegt sem skoða mætti betur. Draga má ábendingar og lærdóm saman í eftirfarandi atriði:

- ➔ Almenn ánægja ríki með staðsetninguna, að hópurinn væri saman allan tímann en ekki dreifður um stórt svæði og að boðið væri upp á sameiginlega dagskrá á miðvikudagskvöldinu. Þá þótti dagskráin fjölbreytt og ánægja var með hvernig hún var sett upp, þ.e. að það væru skoðunarferðir á hverjum degi til að brjóta upp langa setu á fyrirlestrum og málstofum.
- ➔ Fram kom að fólki þótti vanta efni fyrir listasöfn og bent var á að meira mætti fjalla um gesti safnanna, móttöku þeirra, samskipti við þá og fleira sem viðkemur störfum þeirra sem starfa í framlínu safnanna.
- ➔ Bent var á að skerpa mætti á fyrirkomulagi varðandi kall eftir erindum og málstofum. Auglýsa ætti opið kall eftir erindum og málstofum þar sem fyrirkomulag málstofanna liggur fyrir og skýra mætti betur fyrirkomulag á greiðslum fyrir málstofur og erindi.
- ➔ Passa þarf mjög vel upp á tímann og upplýsingar til málstofustjóra um tímamörk.
- ➔ Bent var á að hægt væri að bjóða upp á sömu málstofur oft en einu sinni til að fólk eigi meiri möguleika á að komast í þær málstofur sem það langar að sækja.
- ➔ Meira mætti gera af því að bjóða upp á óformlegar kynningar (það sem kallað var kaffispjallskynning hér) eða bjóða fólki upp á að kynna rannsóknir, verkefni og annað slíkt með veggspjöldum sem gestir gætu skoðað í pásam.
- ➔ Virkja mætti nema í safnafræði við skipulag og framkvæmd farskólans eða bjóða þeim að vera með innlegg og kynningar.

# Viðauki 1 - Útgefin dagskrá Farskólans

## Farskóli FÍSOS 2022 á Hallormsstað

Söfn á tímamótum: Tímamót í varðveislu, tímamót í miðlun, tímamót í hugsun

### Miðvikudagur 21. september

08:45 Skipulögð rútuferð frá Egilsstaðaflugvelli inn í Hallormsstað

09:00-10:00 Mæting á Hótel Hallormsstað og innskráning á ráðstefnu: Skráning á ráðstefnu í ráðstefnusal.

10:00-11:00 farskóli settur – Aðalfundur FÍSOS

11:00-12:00 Fyrirlestrar

- Starfsumhverfi framtíðarinnar – tækifæri safna – Dr. Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Vinnumarkaðssérfræðingur (í fjarfundi)
- Menningarmiðlun á nýjum tímum – Skúli Björn Gunnarsson, Gunnarsstofnun

12:00-13:00 Hádegismatur: Matarmikil nautakjötssúpa með súrdeigsbrauði

Hluti hópsins innritar sig á hótelið og restin þegar komið er til baka frá Egilsstöðum

13:00 Skoðunarferð

Ekið sem leið liggur á Seyðisfjörð og Tækniminjasafn Austurlands heimsótt. Skoðum m.s. Vélsmiðjuna sem varð fyrir skriðunni 2020, skoðum ljósmyndasýningu á Lónsleiru og fræðumst um samstarfsverkefni safnsins sem tengist grisjun og uppvinnslu safnkosts.

17:00 Heimsókn á Minjasafnið á Egilsstöðum / Veitingar í boði safnaráðs

18:30 Matur í Valaskjálfi / Pizza og Sushi

Kynningar á drykkjum/ Happy hour tilboð

20.00 „Sing along“ gítarpartý með Grétu í Dúkkulísunum í Valaskjálfi

22:00 Skipulögð rútuferð frá Hótel Valaskjálfi inn á Hallormsstað.

### Fimmtudagur 22. september

09:00-10:00 Fyrirlestrar

- Deaccessioning in the Netherlands – Ellie Bruggeman, Museumregister Nederland (í fjarfundi)
- Arftaki Sarps 3 – staðan á verkefninu – Vala Gunnarsdóttir, Fagstóri Sarps

## 10:00-11:00 Málstofur

- Óáþreifanlegur menningararfur, hvað kemur hann söfnum við? - Vilhelmina Jónsdóttir
- Að dansa nær grænu skrefunum, umhverfismál og safnastarf - Alma Sigrún Sigurgeirsdóttir
- Persónuvernd og ljósmyndir - Hörður Geirsson
- Tökum höndum saman: söfn og jaðarhópar - Hlín Gyldfadóttir og Ingibjörg Hannesdóttir

## 11:00-12:00 Málstofur

- Varðveisla báta á Íslandi: breyttar aðferðir - Ágúst Österby
- Námskrámiðuð safnfræðsla - málstofa og vinnusmiðja - Helga Einarsdóttir
- Hönnunarhugsun í safnastarfi - Sigríður Sigurjónsdóttir
- Safnafræði og fagefning safna: staða og tækifæri til frekari vaxtar með söfnum landsins - Sigurjón B Hafsteinsson og Guðrún Dröfn Whitehead

## 12:00-13:00 Hádegismatur: Gómsæt grænmetissúpa með brauði og salatbar

## 13:00-14:00 Örfyrirlestrar, fyrirmyndarverkefni

Kynningar á verkefnum sem tilnefnd voru til íslensku safnaverðalaunanna 2022

## 14:00-15:00 Málstofur

- Grisjunaráætlun og hvað svo? - Tækniminjasafn Austurlands
- Stafræn miðlun og varðveisla menningararfs - Skúli Björn Gunnarsson
- Ný safnaskilgreining ICOM - Ólöf Gerður Sigfúsdóttir og Hólmar Hólm
- Skráning ljósmynda: frá móttöku til frágangs - Þorvaldur Böðvarsson og Kristín Halla Baldvinsdóttir

## 15:00-15:30 Kaffi og spjall

Fulltrúar safnaráðs til viðtals. Jóhanna Bergmann safnkennari spjallar við áhugasöm um verk sitt Hugmyndahattinn - handbók fyrir grunnskólakennara um skapandi samstarf við söfn. Fulltrúar Náttúruminjasafns Íslands kynna viðburðina „Steinagreining“ og „Eldfjöll“ og hugmyndir um hvernig önnur söfn geta nýtt þá í sínu starfi.

## 15:30-17:00 Gönguferð um Hallormsstað

Ævintýraferð um skóginn (hópnum skipt í tvennt). Á leiðinni heimsækjum við annars vegar Hallormsstaðaskóla og fáum kynningu á starfsemi hans og hins vegar Skógræktina og fáum leiðsögn um Trjásafnið.

## 17:00-19:00 Happy hour tilboð á barnum

## 19:00 Árshátíð!

## Föstudagur 23. september

09:00-09:30 Frjáls fundartími fyrir hópa

09:30-10:30 Fyrirlestrar

- Rannsóknastarf safna - áskoranir og tækifæri - Dr. Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, Safnafræðingur
- Mikilvægi kynningarstarfs í menningartengdri ferðaþjónustu - Sigríður Dögg Guðmundsdóttir, Fagstjóri ferðaþjónustu hjá Íslandsstofu

10:30-11:30 Pallborð - Eru söfn ferðaþjónusta?

Pátttakendur í pallborði:

Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra

Aníta Elefssen formaður FÍSOS og safnstjóri Síldaminjasafns Íslands

Sigríður Dögg Guðmundsdóttir, fagstjóri ferðaþjónustu hjá Íslandsstofu

Jónína Brynjólfsson, forseti sveitastjórnar Múlapings

Umsjón pallborðs - Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri hjá Austurbrú

11:30-12:00 Styrkjaúthlutun safnaráðs

12:00-12:45 Hádegismatur: Súpa og salatbar með fiskrétti dagsins

13:00 Skoðunarferð inn í Fljótsdal

Heimsækjum Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri og Óbyggðasetrið.

16:00+ Komið til Egilsstaða, frjáls tími fram að flugi eða til 18:40

Rútuferð frá miðbæ Egilsstaða á flugvöllinn. Nánari staðsetning og tími auglýst síðar

Dagskráin er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Hlökkum til að sjá ykkur!



## Viðauki 2 - Uppgjör

Tekjur	Eining	Verð	Alls
Styrkur úr Safnasjóði			1,800,000 kr
Farskólagjöld	102	25,000 kr	2,550,000 kr
Farskólagjöld - þátttakendur utan FÍSOS	15	35,000 kr	525,000 kr
Önnu lægri gjöld	3	5,000 kr	15,000 kr
			<b>4,890,000 kr</b>
Gjöld	Eining	Verð	Alls
Veitingar / 701 Hotels. Sjá nánar hér fyrir neðan.			3,364,590 kr
Fyrirlestar / Ferðakostnaður fyrirlesara			182,000 kr
Skemmtikraftar á árshátíð / Veislustjórn og DJ			530,000 kr
Bílaleigubíll f. skemmtikrafta			12,000 kr
Skemmtun á miðvikudegi / Gréta Sigurjónsdóttir			30,000 kr
Ferðakostnaður / Rútur frá Sæti efh			600,000 kr
Skoðunarferð / Veitingar í Klausturkaffi	80	700 kr	56,000 kr
Skoðunarferð / Aðgangur að Óbyggðasetri	80	2,000 kr	160,000 kr
Ýmsar aðrar veitingar / ÁTVR			- kr
Ýmis annar kostnaður / Bingóvinningur			10,170 kr
			<b>4,944,760 kr</b>
Mismunur			- 54,760 kr

### 701 Hótel


21 September 2022			
Morgunkaffi og bakkelsi um 10	122	7,890 kr	962,580 kr
Hádegismatur 3 / Matarmikil nautakjötssúpa	122	2,450 kr	298,900 kr
Kaffi og bekkelsi um 14		0	- kr
Kvöldmatur	116	3,800 kr	440,800 kr
22 September 2022			
Morgunkaffi og bakkelsi um 10		- kr	- kr
Hádegismatur 2 / Grænmetissúpa	126	1,890 kr	238,140 kr
Árshátíðarmatseðill	120	8,600 kr	1,032,000 kr
23 September 2022			
Morgunkaffi og bakkelsi um 10		- kr	- kr
Hádegismatur súpa, salat og kjúklingaréttur dagsins	124	2,800 kr	347,200 kr
Gisting skemmtikrafta			44,970 kr
			<b>3,364,590 kr</b>

# Viðauki 3 - Könnun

## Farskóli FÍSOS 2022

Komið þið sæl og takk kærlega fyrir síðast á Farskólanum á Hallormsstað. Nú er Farskólastjórn að taka saman skýrslu um farskólann og okkur langaði að heyra frá ykkur um hvernig ykkur fannst til takast að þessu sinni. Hvað gekk vel og hvað hefði mátt betur fara?

Bestu kveðjur Farskólastjórn

 Not shared



Hvernig fannst þér Farskólinn í ár?

Your answer

Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi skipulag/dagskrá Farskólans 2022?

Your answer

Ertu með ábendingar/hugmyndir sem þú myndir vilja koma á framfæri fyrir Farskóla næstu ára?

Your answer

Submit

Clear form

Never submit passwords through Google Forms.

This content is neither created nor endorsed by Google. [Report Abuse](#) - [Terms of Service](#) - [Privacy Policy](#)

Google Forms

# Viðauki 4 - Glærur Ellie Bruggeman

## Deaccessioning in the Netherlands

Netherlands Museumregister Foundation  
Ellie Bruggeman



Netherlands Museumregister Foundation, September 22nd, 2022

### PROGRAMME

- History of deaccessioning guidelines in the Netherlands
- Deaccessioning guideline 2016;  
from preparation to finalization of the deaccessioning.
- Revision points for the revised guideline 2023
- Reading tips.
- Questions



Netherlands Museumregister Foundation, September 22nd, 2022

### History of deaccessioning guidelines in the Netherlands

**Guideline 1999:** focus on withdrawal of parts of the collection with limited heritage value.

**Guideline 2006:** a more detailed procedure, as well as less stringent requirements for bulk withdrawals.

**Guideline 2016:** addition of external procedure (Deaccessioning Database and Value Assessment Committee).

**Guideline 2023:** in development.



Netherlands Museumregister Foundation, September 22nd, 2022

### Deaccessioning guideline 2016

#### Preparation

Basic requirements:

- substantive grounds:  
*the purpose of deaccessioning is always to improve the quality and composition of the collection and/or to transfer objects to a facility where they are better accommodated.*
- up-to-date collection plan.
- up-to-date collection registration.




Netherlands Museumregister Foundation, September 22nd, 2022

## Deaccessioning guideline 2016

### Preparation

- Valuation – assessment method in 6 steps.
- Determining ownership, and other limitations for deaccessioning.
- Origin: interests of any relevant third parties, e.g. former owners, donors, living artists, grant providers, and any other stakeholders or potential stakeholders.
- Search for interested parties for reallocation.




Netherlands Museumregister Foundation, September 22nd, 2022

## Deaccessioning guideline 2016

### Announcement

- New in the guideline 2016: public announcement on the Deaccessions Database.
  - All objects to withdraw from the collection,
  - With specifications of the object,
  - With selection criteria for reallocation.



2 months online



Netherlands Museumregister Foundation, September 22nd, 2022

## Deaccessioning guideline 2016

### Standard or extensive procedure

- Two forms of withdrawal:
- Transfer within the domain of registered museums.
  - Reallocating museum pieces outside the domain of registered museums in the Netherlands.
- Extensive procedure:
- Intention to deaccession outside domain + object(s) of (potentially) high heritage value or significance.
- => Protection Value Assessment to determine whether an object must be kept in a public collection in NL.



Netherlands Museumregister Foundation, September 22nd, 2022

## Deaccessioning guideline 2016

### Finalization

- Administrative processing and documentation (in collection registration system and annual report).
- Proceeds from the sale of objects may only be used to improve the collection



Netherlands Museumregister Foundation, September 22nd, 2022

### **LAMO 2023 (in development)**



Recommendations for revision include:

- Revised objectives for the guideline:
  - Contributing to a careful and dynamic approach to heritage;
  - Supporting collection management and promoting collection mobility;
  - Promoting public trust in the museum sector.
- Always put first: What is the best place for the object?
- Protect sensible balance between providing guidance, safeguarding the objectives of the guideline, and minimizing the administrative burden.

### **LAMO 2023 (in development)**



Recommendations for revision include:

- The definition of what is understood by the museum collection should not be taken too broadly.
- Include best practices regarding communication; the decision to deaccession should be communicated with care, with all stakeholders.
- Scheduled: evaluation of Deaccessions Database, *i.a. current limited value in search for interested parties for reallocation.*

### **Further reading**

- English translation of Guideline 2016  
[https://www.museumvereniging.nl/media/lamo\\_2016\\_guidelines\\_for\\_the\\_deaccessioning\\_of\\_museum\\_objects\\_1.pdf](https://www.museumvereniging.nl/media/lamo_2016_guidelines_for_the_deaccessioning_of_museum_objects_1.pdf)
- Valuation tool museum objects and (sub) collections  
<https://www.cultureelerfgoed.nl/onderwerpen/collecties-uitbreiden-of-afstoten/documenten/publicaties/2014/01/01/assessing-museum-collections>
- Museums & Deaccessioning in Europe  
<https://www.museumsanddeaccessioning.com/>

### **Questions**

Netherlands Museumregister Foundation  
Contacts: Ellie Bruggeman & Nicole Vieveen  
Email: [adb@museumregistermederland.nl](mailto:adb@museumregistermederland.nl)



## Viðauki 5 - Þátttakendur

Nafn:	Vinnustaður
Ágústa Kristófersdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Aldís Arnardóttir	Hafnarborg
Alma Sigrún Sigurgeirsdóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
AlmaDís Kristinsdóttir	Listasafn Einars Jónssonar
Anita Elefsen	Sildarminjasafn Íslands
Anna Heiða Baldursdóttir	Landbúnaðarsafn Íslands
Anna Leif Auðar Elíóttir	Þjóðminjasafn
Anna Sigríður Melsteð	Anok margmiðlun ehf
Ármann Guðmundsson	Þjóðminjasafn Íslands
Beata Brodowska	Minjasafn Austurlands
Berglind Þorsteinsdóttir	Byggðasafn Skagfirðinga
Birna María Ásgeirsdóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Björk Eldjárn Kristjánsdóttir	Byggðasafnið Hvoli
Björk Hólm Þorsteinsdóttir	Byggðasafnið Hvoli, Dalvíkurbyggð
Bryndís Erla Hjálmarsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Brynhildur Briem	Lyfjafræðisafnið
Brynja Sveinsdóttir	Gerdarsafn Listasafn Kópavogs
Cecilie Gaihede	Gerðarsafn
Christina Finke	Minjasafnið á Akureyri
Claus Sterneck	Listasafn Reykjavíkur
Dagný Davíðsdóttir	Byggðasafnið Hvoli
Dagrún Ósk Jónsdóttir	FÍSOS
Daniel Pétur Daniélsson	Sildarminjasafn Íslands
Drífa Kristín Þrastardóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Edda Björk Jónsdóttir	Sildarminjasafn Íslands
Elfa Hlín Pétursdóttir	Tækniminjasafn Austurlands
Elsa Guðný Björgvinsdóttir	Minjasafn Austurlands
Erika Lind Isaksen	Menningarmiðstöð Þingeyinga
Ester Sigfúsdóttir	Sauðfjársetur á Ströndum
Eva Björk Káradóttir	Hvalasafnið á Húsavík
Eva Kristín Dal	Byggðasafn Reykjanesbæjar
Eyrún Helga Ævarsdóttir	Menningarmiðstöð Hornafjarðar
Eyrún Hrefna Helgadóttir	Minjasafn Austurlands
Finney Rakel Árnadóttir	Byggðasafn Vestfjarða

Finnur Ingimarsson	Náttúrufræðistofa Kópavogs
Freyja Hlíðkvist Ómars- og Sesseljudóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Gerður Róbertsdóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Gisli Helgason	Ljósmyndasafn í Borgarsögusafni Reykjavíkur
Gisli Laufeyjarson Höskuldsson	Byggðasafn Skagfirðinga
Guðlaug Dröfn Gunnarsdóttir	Safnahús Borgarfjarðar
Guðmundur Sigurðsson	Byggðasafnið Görðum, Akranesi
Guðný Dóra Gestsdóttir	Gljúfrasteinn - hús skáldsins
Guðrún Ósk Jóhannesdóttir	Sagnheimar
Hanna Christel Sigurkarlsdóttir	Minjasafn Austurlands
Hanna Rósa Sveinsdóttir	Minjasafnið á Akureyri
Haraldur Haraldsson	Byggðasafn Reykjanesbæjar
Haraldur Þór Egilsson	Minjasafnið á Akureyri
Heimir Bj. Janusarson	Hólavallagarður (Kirkjugarðar Reykjavíkur)
Helga Aradóttir	Náttúruminjasafn Íslands
Helga Arnbjörg Pálsdóttir	Listasafn Reykjanesbæjar
Helga Einarsdóttir	Skrifstofa Alþingis
Helga Maureen Gylfadóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Helga Vollertsen	Þjóðminjasafn Íslands
Helga Þórsdóttir	Listasafn Reykjanesbæjar
Hjördís Pálsdóttir	Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla
Hlín Gylfadóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Hólmar Hólm	Hafnarborg
Hrönn Birgisdóttir	Byggðasafn Skagfirðinga
Hörður Geirsson	Minjasafnið á Akureyri
Ingibjörg Áskelsdóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Ingibjörg Eðvaldsdóttir	Þjóðminjasafnið
Ingibjörg Hannesdóttir	Listasafn Reykjavíkur
Ingiríður Óðinsdóttir	Hönnunarsafn Íslands
Joe Wallace Walser III	Þjóðminjasafn Íslands
Jóhanna Bergmann	Þjóðminjasafn Íslands
Jóhanna Viggósdóttir	Jóhanna Viggósdóttir
Jón Allansson	Byggðasafnið Görðum, Akranesi
Jón Jónsson	Rannsóknasetur HÍ á Ströndum - Þjóðfræðistofa
Jóna Símonía Bjarnadóttir	Byggðasafn Vestfjarða
Jónína Brynjólfssdóttir	Tækniminjasafn Austurlands
Klara Þórhallsdóttir	Safnaráð
Kristín Halla Baldvinsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Kristín Scheving	Listasafn Árnesinga
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands

Linda Ásdisardóttir	Byggðasafn Árnesinga
Lýður Pálsson	Byggðasafn Árnesinga
Magnhildur Björnsdóttir	Héraðsskjalasafn Austfirðinga
Margrét Björk Magnúsdóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Marta María Jónsdóttir	Listasafn Íslands
Nanna Póra Áskelsdóttir	Byggðasafnið í Görðum á Akranesi
Nathalie Jacqueminet	Listasafn Íslands
Ólöf Bjarnadóttir	Þjóðminjasafn
Ólöf Breiðfjörð	Menningarfulltrúi Garðabæjar
Ólöf Gerður Sigfúsdóttir	Háskóli Íslands
Pétur Sörensson	Safnastofnun Fjarðabyggðar
Ragna Gestsdóttir	Minjasafnið á Akureyri
Ragnheiður Vignisdóttir	Listasafn Íslands
Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir	Byggðasafn Árnesinga
Ragnhildur Guðmundsdóttir	Náttúruminjasafn Íslands
Sandra Sif Einarsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Signý Ormarsdóttir	Austurbrú
Sigríður Kristín Birnudóttir	Borgarsögusafn / Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Sigríður Sigurjónsdóttir	Hönnunarsafn Íslands
Sigríður Þorgeirsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Sigríður Örvarsdóttir	Menningarmiðstöð Þingeyinga
Sigurhanna Friðþórsdóttir	Sagnheimar, byggðasafn
Sigurjón Baldur Hafsteinsson	Háskóli Íslands
Sigurlaugur Ingólfsson	Borgarsögusafn
Snorri Guðjón Sigurðsson	Menningarmiðstöð Þingeyinga
Stefán Bogi Sveinsson	Héraðsskjalasafn Austfirðinga
Steindór Gunnar Steindórsson	Þjóðminjasafn Íslands
Steinunn María Sveinsdóttir	Flugasafn Íslands
Styrmir Þór Davíðsson	Þjóðminjasafn Íslands
Sveinbjörg Sveinsdóttir	Rekstrarfélag Sarps
Sveinn Stefánsson	Minjasafnið á Akureyri
Tim Junge	Menningarmiðstöð Hornafjarðar
Vala Gunnarsdóttir	Rekstrarfélag Sarps
Vala Magnúsdóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Vilhjálmur Bjarnason	Safnaráð
Póra Björg Andrésdóttir	Náttúruminjasafn Íslands
Póra Björk Ólafsdóttir	Safnaráð
Póra Sigurbjörnsdóttir	Hönnunarsafn
Þorbjörg Gunnarsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Þorgerður Þorleifsdóttir	Náttúruminjasafn Íslands



Pórgunnur Þórsdóttir	Minjasafnið á Akureyri
Pórir Ingvarsson	Þjóðminjasafn Íslands
Pórunn Kjartansdóttir	Safnahús Borgarfjarðar
Þorsteinn Traustason	Byggðasafn Vestfjarða
Þorvaldur Böðvarsson	Þjóðminjasafn Íslands
Þorvaldur H.Gröndal	Borgarsögusafn